



# Raunfærnimat á háskólastigi

Niðurstöður vinnuhóps um raunfærnimat á háskólastigi

Höfundar:  
Ína Dögg Eyþórsdóttir  
Hróbjartur Árnason  
Fjóla María Lárusdóttir



# Niðurstöður vinnuhóps um raunfærnimat á háskólastigi

## Efnisyfirlit

<b>TILLÖGUR VINNUHÓPS UM RAUNFÆRNIMAT Á HÁSKÓLASTIGI</b> .....	<b>2</b>
A: SKILGREININGAR OG SAMRÆMT VINNULAG.....	2
B: RAUNFÆRNIMAT TIL INNGÖNGU Í HÁSKÓLA .....	2
C) RAUNFÆRNIMAT TIL STYTTINGAR NÁMS .....	2
D: PRÓUNARVERKEFNI .....	2
<b>INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>SKILGREINING VERKEFNISINS</b> .....	<b>5</b>
AFMÖRKUN VERKEFNISINS .....	5
<b>VINNA HÓPSINS</b> .....	<b>5</b>
<b>HVAÐ ER RAUNFÆRNIMAT?</b> .....	<b>5</b>
<b>RAUNFÆRNIMAT Á HÁSKÓLASTIGI Í NÁGRANNALÖNDUNUM</b> .....	<b>7</b>
DANMÖRK .....	7
FINNLAND .....	7
NOREGUR .....	8
SVÍÐJÓÐ.....	8
ÍRLAND .....	9
SKOTLAND .....	9
<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>10</b>
<b>TILLÖGUR VINNUHÓPS UM RAUNFÆRNIMAT Á HÁSKÓLASTIGI</b> .....	<b>12</b>
A: SKILGREININGAR OG SAMRÆMT VINNULAG.....	12
B: RAUNFÆRNIMAT TIL INNGÖNGU Í HÁSKÓLA .....	12
C) RAUNFÆRNIMAT TIL STYTTINGAR NÁMS .....	12
D: PRÓUNARVERKEFNI .....	12
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>14</b>

## Tillögur vinnuhóps um raunfærnimat á háskólastigi

Á grundvelli athugana vinnuhópsins um stöðu raunfærnimats á háskólastigi, mögulegum tækifærum og hindrunum eru lagðar fram eftirfarandi tillögur sem möguleg næstu skref.

### A: Skilgreiningar og samræmt vinnulag

Til að styðja við þróun raunfærnimats á háskólastigi er nauðsynlegt að samræma skilning á því hvað telst til raunfærnimats og hvaða vinnulag er notað við matið. Reglugerðir þurfa að vera skýrar og tryggja þarf að ekki gæti misskilnings um það hvað raunfærnimat felur í sér. Tryggja þarf að lög og reglur um raunfærnimat á háskólastigi séu samræmdar og miðlægar þótt hver stofnun útfæri sínar leiðir við að innleiða það. Gæðaeftirlit er nauðsynlegt og mikilvægt er að halda utan um tölfræði og árangur.

### B: Raunfærnimat til inngöngu í háskóla

Í raunfærnimati til inngöngu í háskóla felst ekki það sama og að veita undanþágur frá almennum inntökuskilyrðum. Undanþágur eru almennt veittar á grundvelli talningar á þeim fjölda framhaldskólaeininga sem umsækjandi hefur lokið ásamt mati á starfsreynslu, þar sem byggt er á árafjölda og mati á meðmælabréfum.

Raunfærnimat snýst um að meta færni umsækjanda og bera hana saman við hæfniviðmið tiltekinna námskeiða. Við raunfærnimat þarf að fara fram upplýsingagjöf og endurgjöf, skráning á færni sem umsækjandi hefur öðlast í gegnum störf, nám og frístundir og mat og staðfesting á raunfærninni í samráði við fagaðila. Færnin er iðulega borin saman við hæfniviðmið tiltekinna námskeiða með það að markmiði að meta hvort umsækjandinn hafi náð sömu færni og nemendur sem hafa lokið námskeiðunum. Að þessu ferli þurfa að koma námsráðgjafar og fagaðilar frá deildum. Þótt hver háskóli sé sjálfstæður og beri ábyrgð á inntöku nemenda í eigið nám, telur vinnuhópurinn það mikilvægt fyrir umsækjendur að trygg sé að niðurstaða raunfærnimatsins verði skráð og veiti einingar í almennu skólakerfi þannig að raunfærnimatið veiti almenna leið til áframhaldandi skólagöngu/menntunar en veiti ekki aðeins aðgang að einum háskóla.

Vinnuhópurinn leggur því til að þriðji aðili taki að sér að framkvæma raunfærnimat á framhaldsskólastigi til stúdentsprófs. Helstu aðilar sem kæmu til greina eru Menntamálastofnun, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar og/eða framhaldsskólar landsins.

Telur hópurinn nauðsynlegt að tryggja að við matið verði stuðst við viðurkenndar aðferðir raunfærnimats og að einstaklingar hafi möguleika á að útskrifast frá framhaldsskólum landsins að loknu mati og/eða viðbótarnámi.

### C) Raunfærnimat til styttingar náms

Lagt er til að hver háskóli og háskóladeild fyrir sig skipuleggi og þrói raunfærnimat til styttingar náms. Raunfærnimat til styttingar náms hentar mis vel við deildir og fræðasvið háskólanna, og því er nauðsynlegt að slíkt ferli sé unnið sérstaklega fyrir hverja deild eða námsleið fyrir sig.

### D: Þróunarverkefni

Lagt er til að farið verði af stað með þróunarverkefni um raunfærnimat á háskólastigi til styttingar náms í ákveðnum deildum háskólanna. Þessar deildir geta þróað aðferðirnar og

verið fyrirmynd fyrir aðrar deildir í framtíðinni. Lagt er til að Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild HÍ og Tölvunarfræðideild HR taki að sér að þróa raunfærnimat fyrir tölvunarfræðina og sömuleiðis mætti kanna hvort einhverjar námsleiðir innan Menntavísindasviðs HÍ sjái möguleika á að mæta þörfum samfélagsins fyrir fleiri leik- og grunnskólakennara með tilboðum um raunfærnimat til styttingar náms.

## Inngangur

Samkvæmt tilmælum frá Ráðherraráði Evrópusambandsins frá 2012<sup>1</sup> er mælt með því að öll lönd Evrópusambandsins innleiði raunfærnimat á öllum skólastigum fyrir árið 2018. Auk þess samþykktu ráðherrar samevrópska háskólasvæðisins (EHEA) árið 2015 eftirfarandi:

- *To remove obstacles to the recognition of prior learning for the purposes of providing access to higher education programmes and facilitating the award of qualifications on the basis of prior learning, as well as encouraging higher education institutions to improve their capacity to recognize prior learning;*
- *To review national qualification frameworks, with a view to ensure that learning paths within the framework provide adequately for the recognition of prior learning.*<sup>2</sup>

Raunfærnimat er leið til að gefa einstaklingum tækifæri til að fá þekkingu sína og færni, sem þeir hafa öðlast utan hefðbundins menntakerfis, metna inn í tiltekið formlegt nám, annað hvort til inngöngu í háskóla, til styttingar náms eða jafnvel til fullrar prófgráðu. Hugmyndir sem liggja að baki slíkum tilboðum byggja meðal annars á vilja til að laða fólk til náms með því að meta að verðleikum það sem fólkið hefur þegar áunnið sér í gegnum lífið og hins vegar að sleppa fólki við að sitja á skólabekk til að læra hluti sem það þegar kann, það er séð sem efnahagslega hagkvæmt bæði fyrir einstaklinga og samfélag.

Á Íslandi hefur raunfærnimat verið innleitt á framhaldsskólastigi og hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins verið í forsvari fyrir framkvæmd þess í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar. Framkvæmd þess er sérstaklega langt komin í starfsnámi en styttra á veg í bóklegum greinum. Þörf er á að kanna hvort raunfærnimat geti reynst gagnlegt verkfæri á háskólastiginu.

Raunfærnimat í fagháskólanámi liggur beint við sem framhald af raunfærnimati í iðngreinum, enda er einn tilgangur innleiðingar fagháskólanáms að varða leiðir fyrir fólk með bakgrunn í verk- og iðngreinum inn í háskólanám. Þetta kom skýrt fram í skýrslu verkefnahóps um fagháskólanám

*“Markvisst þarf að vinna að því að háskólar bjóði upp á raunfærnimat og nám sem hentar þörfum nemenda með óhefðbundinn bakgrunn. Þannig verði til aukið námsframboð fyrir einstaklinga á vinnumarkaði til að þróa sig í starfi og afla sér menntunar við hæfi”<sup>3</sup>*

Því liggur beint við að að íslenskir háskólar þurfi að bregðast við og þróa sínar leiðir við innleiðingu raunfærnimats á eigin forsendum. Til að koma slíkri vinnu af stað kallaði kennsluvið saman vinnuhóp sem var meðal annars falið að kanna stöðu og reynslu háskólastigsins í nágrannalöndum af innleiðingu raunfærnimats og reyna að læra af reynslu þeirra og framkvæmd.

Stofnaður var vinnuhópur sem birtir hér sínar fyrstu tillögur um það hvernig Háskóli Íslands og aðrir háskólar á Íslandi gætu hafið vinnuna við innleiðingu á raunfærnimati á háskólastigi. Hópnum stýrði Ína Dögg Eyþórsdóttir, verkefnisstjóri hjá Matsskrifstofu HÍ en aðrir meðlimir vinnuhópsins voru Hróbjartur Árnason lektor á Menntavísindasviði HÍ, Fjóla María Lárusdóttir hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Einar Hreinsson kennslustjóri Háskólans í Reykjavík, Ása Björk Stefánsdóttir verkefnisstjóri hjá Kennslumiðstöð og Kristjana Mjöll Sigurðardóttir náms- og starfsráðgjafi hjá HÍ.

---

<sup>1</sup>(Council of the European Union, 2012)

<sup>2</sup> (Yerevan Communiqué, 2015)

<sup>3</sup> (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016)

## Skilgreining verkefnisins

Verkefnið sem vinnuhópurinn tók að sér að skoða var tvíþætt. Annars vegar að kanna hvort og hvernig háskólastigið gæti nýtt sér raunfærnimat við inntöku í háskóla og hins vegar hvernig mætti innleiða raunfærnimat á háskólastigi til styttingar náms.

## Afmörkun verkefnisins

Til að afmarka verkefnið var ákveðið að byrja á því að skoða hver staðan væri á raunfærnimati á háskólastigi í nágrannalöndunum, hver helstu tækifærin væru við innleiðingu á raunfærnimati og hvaða vandamál og hindranir gætu komið upp. Byggt á þessum athugunum leggur hópurinn fram tillögur um mögulegar leiðir til að innleiða raunfærnimat á háskólastiginu.

## Vinna hópsins

Vinna hófst við söfnun heimilda þar sem rýnt var í skýrslur og haft samband við ýmsa skóla, stofnanir og einstaklinga í Evrópu. Núverandi staða á raunfærnimati á Íslandi og í nágrannalöndum var könnuð og haldin var málsstofa með þátttöku um 50 manns aðallega úr stjórnáslu háskólanna þann 18. maí 2017 um stöðu og framtíð raunfærnimats á háskólastigi þar sem fulltrúar Norðurlandanna greindu frá stöðu raunfærnimats í heimalandi sínu og þátttakendur ræddu hvernig málið blasti við þeim. Að þessari málstofu stóðu NVL-Norrænt tengslanet um nám fullorðinna, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Háskóli Íslands.

Fulltrúi vinnuhópsins heimsótti auk þess Háskólann í Malmö og fór á ráðstefnur um raunfærnimat á háskólastigi í Evrópu.

## Hvað er raunfærnimat?

Skilgreining á raunfærnimati samkvæmt reglugerð um framhaldsfræðslu nr.1163/2011, III. kafla:

*“Raunfærnimat er skipulegt ferli þar sem með formlegum hætti er lagt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklings. Matið getur byggst á skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu viðkomandi. Raunfærnimat er einkum ætlað fólki sem hefur verið á vinnumarkaði í a.m.k. þrjú ár og náð tuttugu og þriggja ára aldri að lágmarki. Viðkomandi skal hafa aflað sér þekkingar, leikni og hæfni á tilteknu sviði sem nýst getur í námi til lokaprófs eða til skilgreindra starfa á vinnumarkaði. Sá sem sækir um raunfærnimat skal leggja fram nauðsynleg gögn sem styðja umsóknina, svo sem yfirlit yfir nám og störf. Matsaðilar útfæra nánari viðmið fyrir hverja grein um sig.”<sup>4</sup>*

Skráning á þekkingu, hæfni og færni sem einstaklingur hefur aflað sér í gegnum starf, og óformlegt nám er grunnur raunfærnimats. Einstaklingur skráir raunfærni sína undir handleiðslu ráðgjafa þannig að hægt sé að bera þekkingu og færni hans saman við hæfniviðmið tiltekins náms. Þannig má meta færni og þekkingu sem einstaklingurinn hefur

---

<sup>4</sup> (REGLUGERÐ um framhaldsfræðslu, 1163/2011, 2011)

þegar aflað sér og viðurkenna hana þannig að hann þurfi ekki að sitja námskeið sem hafa þann tilgang að hjálpa honum að afla þekkingar og færni sem hann hefur þegar á valdi sínu.

*“Raunfærnimat til styttingar á námi miðar að því að meta raunfærni sem jafngilda námsáfanga og skipuleggja nám einstaklingsins með tilliti til raunfærni hans. Raunfærnimat er ekki gjaldfelling náms á nokkurn hátt. Raunfærnimat er til þess að komast að raunverulegri færni einstaklings og þannig koma í veg fyrir að hann þurfi að sækja nám í efni sem hann þegar kann. Þess konar viðurkenning getur stuðlað að aukinni þátttöku í símenntun og í því felst einnig sparnaður á tíma og fé fyrir einstaklinginn og samfélagið.”<sup>5</sup>*

Markmiðið með raunfærnimati er að viðurkenna og staðfesta færni sem einstaklingur hefur aflað sér á ýmsan hátt. Raunfærnimat fer fram á fimm þrepum.<sup>6</sup> 1) Upplýsingagjöf og endurgjöf, 2) skráningu, 3) greiningu 4) staðfestingu og 5) mat og viðurkenning á raunfærni. Mjög mikilvægt er að ráðgjafi leiði ferlið og leiðbeini umsækjanda við að draga fram færni sína og skrá hana niður. Fagaðilar og sérfræðingar sjá um greiningu og staðfestingu á raunfærni og endanlegt mat eða viðurkenning er síðan skráð í gagnagrunn skóla, fræðsluaðila eða stofnana og öðlast þar með sama gildi og tiltekið formlegt nám, skv. 14.grein reglugerðar um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011.

#### 1) Upplýsingar og endurgjöf

Að veita upplýsingar og endurgjöf til umsækjanda um raunfærnimat er gríðarlega mikilvægt. Þátttakendur í ferlinu þurfa að fá skýra endurgjöf á stöðu sína á meðan á ferlinu stendur og viðeigandi ráðgjöf á öllum stigum ferlisins. Umsækjandinn verður alltaf að geta tekið upplýstar ákvarðanir og vita hvar hann stendur.

#### 2) Skráning færni

Umsækjandinn skráir færni sína undir handleiðslu ráðgjafa og fagaðila. Mjög mikilvægt er að þeir ráðgjafar sem hér koma að séu sérfræðingar í raunfærnimati og geti leiðbeint og stutt umsækjendur við að skrá niður raunfærni sína á þeim sviðum sem matið snertir. Umsækjandi þarf að skila inn gögnum er varða færni hans, s.s. meðmælabréfum, starfslýsingum, viðurkenningarskjöllum og skírteinum o.s.frv.

Við þessa skráningu er mikilvægt að hafa gátlista fyrir öll fög sem meta á þar sem ráðgjafinn getur skráð niður færni viðkomandi samanborna við hæfniviðmið hvers fags. Jafnframt heldur ráðgjafinn markvisst utan um hvert skref matsins til varðveislu.

#### 3) Greining

Þegar umsækjandi hefur, með aðstoð ráðgjafa, skráð alla færni sína á viðkomandi sviði fer fram viðtal við fagaðila til að ákvarða raunfærni viðkomandi á ákveðnu færnisviði. Viðtal með fagaðila snýst um að meta að hve miklu leiti umsækjandi hafi þegar náð þeirri færni sem lýst er í hæfniviðmiðum námskeiðs eða námsleiðar og að hve miklu leiti.

#### 4) Staðfesting

Þegar komið er í ljós hvað er mögulegt að meta þarf að staðfesta raunfærnina. Þetta er gert í samráði við fagaðila og ráðgjafa og borin er saman raunveruleg færni við hæfniviðmið

---

<sup>5</sup> (Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins, n.d.)

<sup>6</sup> (REGLUGERÐ um framhaldsfræðslu, 1163/2011, 2011. 13.grein)

námsins sem meta á. Þetta er hægt að gera á ýmsa vegu, með samtölum, raundæmum, prófum, verkefnum, ritgerðum, viðtölum o.s.frv.

#### 5) Mat og viðurkenning

Niðurstaða raunfærnimatsins er skjalfest og vottuð af fræðsluaðilum. Niðurstaðan er skráð í gagnagrunn viðkomandi menntastofnunar eða fræðsluaðila og öðlast við það gildi.

Niðurstöður raunfærnimatsins eru jafngildar og metnar til jafns við tiltekið formlegt nám. Mikilvægt er að allt ferlið sé gegnsætt og skráð til að rýra ekki traust á og gildi raunfærnimatsins.<sup>7</sup>

## Raunfærnimat á háskólastigi í nágrannalöndunum

Til að afla upplýsinga um stöðu raunfærnimats á háskólastigi í nágrannalöndunum hafði vinnuhópurinn samband við menntamálayfirvöld í hverju landi fyrir sig. Við báðum um upplýsingar um stöðu raunfærnimats í landinu, einkum hvort það ætti sér aðeins stað á framhaldsskólastigi eða hvort háskólar væru farnir að innleiða það og ef svo, hvernig það færi fram. Almenn svör voru á þá leið að það væru til reglugerðir um raunfærnimat en að háskólastigið væri ekki komið langt á veg með innleiðingu.

### Danmörk

Raunfærnimat fyrir fullorðinsfræðslu er skilgreint í lögum í Danmörku og er þar skilyrði að menntastofnun sem býður tiltekna námsleið sinni raunfærnimati fyrir þá námsleið. Aðrir aðilar og stofnanir mega koma að matinu í formi ráðgjafar og upplýsingaveitu en matið sjálft þarf að eiga sér stað hjá menntastofnuninni sem býður upp á námið. Í Danmörku er raunfærnimat í boði í fullorðinsfræðslu og endurmenntun á háskólastigi og jafnvel fagháskólanámi en almennir háskólar hafa ekki boðið upp á það. Danir hafa þróað raunfærnimat við inntöku í háskóla þar sem fullorðinsfræðslan (VUC-Voksenuddannelsecenter) eða símenntunarmiðstöðvar framkvæma raunfærnimatið og jafngildir þá niðurstaða raunfærnimatsins prófskírteini frá framhaldsskóla.

Þá eru einstaka háskólar og/eða námsleiðir sem framkvæma raunfærnimat í ákveðnum greinum til inntöku í sitt nám en það gildir eingöngu inn í þann skóla/námsleið og er afgreiðslan meira í anda undanþágu umsókna en raunfærnimats. Vorið 2016 setti danska ríkisstjórnin aukið fé í raunfærnimat til að mæta aukinni þörf flóttamanna fyrir mat á námi sínu en þetta hefur ekki enn náð inn til akademísku háskólanna heldur aðeins fagháskóla.

Helstu hindranir sem Danir standa frammi fyrir eru skortur á fé til að sinna matinu og hafa sumir óskað eftir því við menntamálayfirvöld að ákveðinn hluti fjármuna til menntastofnana verði sérstaklega eyrnamerkir raunfærnimati. Kostnaður við raunfærnimat er í dag borinn af hverri menntastofnun fyrir sig, en þær hafa þó leyfi til að taka gjald fyrir raunfærnimat á háskólastigi. Háskólarnir fá greitt fyrir þær einingar sem metnar eru eins og þeim hafi verið lokið innan háskólans og það sama á við ef prófskírteini er veitt á grundvelli raunfærnimats.<sup>8</sup> Þannig er komið í veg fyrir að stofnun meti minna en efni standa til af fjárhagslegum ástæðum.

### Finnland

Raunfærnimat á sér langa sögu í Finnlandi. Reglur fyrir raunfærnimat eru til staðar fyrir öll þrep menntakerfisins og sjá menntastofnanir, í flestum tilvikum, sjálfar um raunfærnimatið. Aðgangur að háskólanámi og raunfærnimat til styttingar náms er í höndum hvers háskóla fyrir

---

<sup>7</sup> (CEDEFOP, 2015)

<sup>8</sup> (Sandberg, 2016)



sig en ferlið inniheldur í flestum tilvikum skrefin fjögur sem lagt er upp með í tillögum Ráðherraráðs Evrópusambandsins (greining, skjölun, mat og vottun).<sup>9</sup>

Verkefnum sem stuðla að innleiðingu á raunfærnimati á háskólastigi í Finnlandi hefur fjölgað mikið síðastliðin þrjú ár. Háskólar eru óðum að byggja upp námsskrár byggðar á skýrum hæfniviðmiðum ásamt því að taka í notkun ýmis verkfæri s.s. rafrænar skráningar sem opna dyrnar fyrir raunfærnimati við inngöngu í háskóla. Samkvæmt lögum um háskóla í Finnlandi er ekki neitt hámark á þeim einingafjölda sem veita má með raunfærnimati en aldrei er þó hægt að veita einingar fyrir lokaritgerð náms með raunfærnimati.<sup>10</sup>

Metropolia University of Applied Sciences er kominn langt með að þróa raunfærnimat á háskólastigi fyrir fólk af erlendum uppruna sem getur ekki sannað fyrri menntun með prófskírteinum. Skólinn býður fólki raunfærnimat þar sem lagt er mat bæði á fyrra nám (formlegt) og reynslu sem fólk hefur öðlast í starfi. Boðið er upp á tvær lotur á hverju ári og í tveimur greinum, tækni- og viðskiptafræði. Umsækjendur þurfa að hafa ótímabundið dvalarleyfi í Finnlandi, bachelor eða meistaraþáttu í tækni eða viðskiptum, útskriftarskírteini og tungumálakunnáttu í ensku eða finnsku.<sup>11</sup>

Raunfærnimat er í flestum tilvikum umsækjandanum að kostnaðarlausu og þar sem raunfærnimatið er rækilega innleitt í öll menntunarstig er það hluti af kostnaði háskólanna og fé því ekki sérstaklega eyrnamerkt raunfærnimatinu. Allir umsækjendur um raunfærnimat þurfa samt að greiða gjald svipað skrásetningargjaldi, 58 evrur óháð fjölda eininga sem koma úr raunfærnimatinu. Almennt eru fleiri og fleiri háskólar í Finnlandi að innleiða raunfærnimat hjá sér og að þróa námsframboð sem byggir á hæfniviðmiðum.

## Noregur

Raunfærnimat hefur verið í lögum um háskóla hjá Norðmönnum síðan 2001 en hefur þrátt fyrir það ekki verið innleitt á háskólastiginu. Norskir háskólar veita undanþágur til inngöngu í háskóla byggða á aldri, starfsreynslu, kunnáttu í ensku og norsku ásamt öðrum þáttum. Lögin gera ráð fyrir að raunfærnimat á háskólastigi sé í höndum hvers háskóla fyrir sig og miði við það nám sem sótt er um. Helsta þróun sem hefur átt sér stað í Noregi síðastliðin ár eru afmörkuð verkefni sem er kominn til vegna aukins straums flóttamanna og hælisleitenda til landsins. Háskólar í Noregi hafa sjálfstætt ákvörðunarvald þegar kemur að innleiðingu raunfærnimats og það er ekkert samræmt kerfi fyrir raunfærnimat á háskólastigi og litlar upplýsingar til um hvort og/eða hvernig raunfærnimat á háskólastigi er statt.

## Svíþjóð

Svíar hafa síðastliðin ár sett aukið fé í raunfærnimat á háskólastigi. Hefur 30 milljónum sænskra króna verið úthlutað í raunfærnimat á háskólastigi og er ætlunin að hækka úthlutunina árið 2018.<sup>12</sup> Háskólanum í Malmö gengur vel að innleiða raunfærnimat og á ráðstefnu sem haldin var í Malmö í júní 2017<sup>13</sup> kynntu starfsmenn skólans aðferðir sínar og árangur.

---

<sup>9</sup> (Karttunen, 2016)

<sup>10</sup> (Karttunen, 2016)

<sup>11</sup> (Metropolia - University of applied sciences, 2017)

<sup>12</sup> (Sandberg, 2016)

<sup>13</sup> Refugees' impact on Bologna reform – Recognition of Prior Learning and inclusion in the light of increased migration, Malmö University, júní 2017.

Raunfærnimat til inngöngu í háskólann hefur verið við líði í nokkur ár og sumar námsleiðir hafa boðið upp á raunfærnimat til styttingar náms, helst er þar um að ræða kennaramenntunina. Ekki er mögulegt skv. sænskum lögum að veita fulla prófgráðu á grundvelli raunfærnimats á háskólastigi. Eins og í Noregi hefur raunfærnimat verið nýtt við mat á námi flóttamanna sem ekki hafa getað sýnt fram á menntun sína með hefðbundum hætti. Helsta hindrun fyrir frekari þróun raunfærnimats á háskólastigi í Svíþjóð er skortur á eyrnamerktu fé.<sup>14</sup> Eins og hjá hinum norrænu þjóðunum er kostnaður við raunfærnimat borinn af því fé sem háskólunum er úthlutað og ekki er um sérstakt fjárframlag að ræða.

## Írland

Írska gæðaráðið (QQI)<sup>15</sup> hefur gefið út leiðbeiningar fyrir menntastofnanir um inngöngu og framgang í æðra námi.<sup>16</sup> Allt nám í Írlandi er skráð á hæfniprep, jafnvel fagnámskeið fyrirtækja. Raunfærnimat hefur verið innleitt í öll þrep menntakerfisins og þar sem öllu námi, formlegu og óformlegu er raðað á hæfniprep hins írska hæfniramma, gerir það raunfærnimatið aðgengilegt og gagnsætt. Auk þess er það reglan í Írlandi að í lýsingum á námstilboðum er skýrt útlistað hvaða færni þátttakendur þurfa að hafa til að geta lagt stund á námið, hvernig sú færni getur verið metin með raunfærnimati og þar að auki hvernig raunfærnimat getur stýtt nám. Þannig er raunfærnimatið byggt inn í allt kerfið hjá þeim. Í stefnu um æðri menntun á Írlandi til 2020 er gerð sú krafa að allir háskólar þrói og innleiði raunfærnimat í sína starfsemi.<sup>17</sup> Það er því greinilegt að háskólar á Írlandi hafa axlað ábyrgð á hlutverki sínu við að auka hæfni og færni á vinnumarkaði til dæmis með því að auka þátttöku fullorðinna í símenntun á háskólastigi. Í því samhengi hafa háskólar ýtt af stað ýmsum þróunarverkefnum sem stuðla að raunfærnimati á háskólastigi með þessi markmið í huga. Eitt slíkt verkefni kallast "Springboard"<sup>18</sup> og er markmið þess að koma fólki á atvinnuleysisbótum aftur í nám. Boðið er upp á hlutanám á hæfniprepum 6-8 í eitt ár, nemendum að kostnaðarlausu með það að markmiði að koma þeim aftur inn á vinnumarkaðinn. Springboard er ætlað fólki sem hefur þónokkra starfsreynslu og þarfnast aðeins stuttrar, hnitmiðaðrar endurmenntunar til að komast aftur inn á vinnumarkaðinn. Menntastofnanir eru hvattar til að nýta sér raunfærnimat við inntöku ef það er talið geta gagnast einstaklingnum til að ljúka náminu.

Raunfærnimatið er hluti af heildarfjárframlagi til háskólanna þótt talsverður hluti verkefna sem snúa að innleiðingu og þróun raunfærnimats hafi verið kostnaður af styrkjum, bæði innlendum og evrópskum. Sumir háskólar taka gjald fyrir raunfærnimatið.<sup>19</sup>

## Skotland

Í Skotlandi hefur raunfærnimat á háskólastigi verið innleitt í mörgum háskólum. Glasgow Caledonian University er til fyrirmyndar á þessu sviði og hefur t.d. heilbrigðisvísindasvið þeirra nýtt raunfærnimat á margan hátt. Aukinn áhugi er auk þess hjá öðrum fræðasviðum skólans

---

<sup>14</sup> Mia Andersson, RPL/Validation Coordinator, Study and Careers Adviser, Molmö University

<sup>15</sup> (Quality and Qualifications Ireland (QQI), n.d.)

<sup>16</sup> (National Quality Authority Ireland, 2015)

<sup>17</sup> (Murphy, 2016)

<sup>18</sup> Higher Education Authority <http://hea.ie/skills-engagement/springboard/>

<sup>19</sup> (National Quality Authority Ireland, 2015)

og er raunfærnimat að fullu innleitt í öllu fagháskólanámi hjá þeim bæði á bakkalár- og meistarastigi<sup>20</sup> en lítið er enn um raunfærnimat í akademískum háskólum.

Helstu veikleikar við raunfærnimatið í Skotlandi eru að það er kostnaðarsamt og tímafrekt og það er engin miðlæg stjórnun eða stýring á því. Raunfærnimatið er á ábyrgð hvers háskóla og mjög mismunandi aðferðum er beitt. Þetta hefur áhrif á traust hagsmunaaðila sem byggist því alfarið á orðspori háskólans sem framkvæmir raunfærnimatið.

## Samantekt

Í þeim löndum þar sem raunfærnimat hefur verið innleitt, virðist vinnulagið vera svipað. Raunfærnimat er í höndum hvernar háskólastofnunar fyrir sig og virðast aðeins sumar deildir einstakra háskóla vera byrjaðar að veita þessa þjónustu. Algengast er það innan tækni-, heilbrigðis- og viðskiptagreina. Í mörgum nágrannalöndunum hefur helsti drifkrafturinn verið aukinn fjöldi flóttamanna og fólks af erlendum uppruna sem af einhverjum ástæðum getur ekki sýnt fram á menntun sína, frekar en að markmiðið hafi verið að bjóða öllum upp á raunfærnimat byggt á mati á þekkingu og færni sem fólk hefur aflað sér með óformlegu námi og reynslu. Þó eru sum lönd lengra komin og þar er raunfærnimat á háskólastigi opið öllum og er ferlið við umsókn um raunfærnimat ekki mikið frábrugðið því að óska eftir mati á fyrra námi. Úrvinnsla umsóknanna og ferlið er þó mjög frábrugðið og hefur náms- og starfsráðgjöf veigamikið hlutverk í því ferli.

Raunfærnimat getur auðveldað fólki að taka ákvörðun um að auka þekkingu sína með formlegum hætti og þannig hækka formlegt menntunarstig sitt. Þegar margir fara þá leið hækkar það jafnframt menntunarstig samfélagsins. Raunfærnimat sparar einstaklingum tíma og fjármuni með því að koma í veg fyrir að þeir sem hafa verið lengi á vinnumarkaði þurfi að fara á byrjunarreit í námi og setjast á skólabekk til að tileinka sér færni sem þeir hafa þegar náð tökum á í gegnum starf sitt. Reynslan hefur sýnt að raunfærnimat hefur þau áhrif á nemendahópin að hann verði fjölbreyttari þar sem fólk með ólíkan bakgrunn stundar nám saman og fólk sem áður hefði ekki hafið nám, bætist við hópinn og kemur með nýja sýn og reynslu og dýpkar þar með reynslu hinna af náminu.<sup>21</sup> Fjármunir og tími sem fer í raunfærnimatið virðist í flestum tilvikum vera helsta hindrunin, en einnig skortur á þekkingu fólks á raunfærnimati og tilgangi þess og ótti við að raunfærnimat skerði gæði náms.

Ekki er víst að raunfærnimat henti á öllum námsleiðum og staðreyndin er sú að auðveldara er að beita raunfærnimati þar sem hæfniviðmiðin eru áþreifanleg eins og í fagnámi, hvort sem er á framhaldsskólastigi eða háskólastigi. Bæta þarf hæfniviðmið námsleiða til að hægt sé að beita raunfærnimati í öllum námsgreinum.

---

<sup>20</sup> The Scottish policy for RPL in practice, Professor Ruth Whittaker, Glasgow Caledonian University, erindi haldið á ráðstefnunni Refugees' impact on Bologna reform – Recognition of Prior Learning and inclusion in the light of increased migration, Malmö University, júní 2017.

<sup>21</sup> Kvalitet i Validering i Norden,

[http://frae.is/files/Kvalitet%20i%20validering\\_2076748769.pdf](http://frae.is/files/Kvalitet%20i%20validering_2076748769.pdf)

Ástæða er til þess að kanna við hvaða deildir háskólanna þörfin er brýnust og hvar möguleikar fyrir raunfærnimat til styttingar náms henti best. Þá er og skynsamlegt að hefja raunfærnimat til styttingar á námi einmitt við slíkar deildir.

Það þarf að ákveða hvernig á að skilgreina þann hóp sem getur sóst eftir raunfærnimati. Þessi skilgreining þarf að vera skýr til að koma í veg fyrir misskilning og vinnu sem ekki skilar neinni niðurstöðu.

Ráðgjafar og matsaðilar þurfa að sérhæfa sig í raunfærnimati og háskóladeildir þurfa að útlista hvaða færni er nauðsynleg til inngöngu í deildina. Hæfniviðmið hvernar námsgreinar þurfa því að vera mjög skýr og vel útlistuð.

Nauðsynlegt er einnig að fylgjast með hvernig umsækjendum vegnar í námi til að draga lærdóm af ferlinu öllu sem heild og brýnt er að allt ferlið sé gegnsætt og að niðurstöður raunfærnimatsins séu skráðar inn í nemendakerfi og einingar gefnar. Traust og gagnsæi er mikilvægt til þess að hagsmunaaðilar álíti ekki að með raunfærnimati dragi úr gæðum náms. Allir sem koma að matinu þurfa að vera vel upplýstir um tilgang og leiðir.

Gæta þarf þess að fé sé úthlutað í verkefnið svo að þeir starfsmenn sem að þessu koma geti nýtt sér það við úrvinnslu verkefnisins en sjái raunfærnimatið ekki sem nýtt verkefni sem þeir þurfa að sinna án þess að fá til þess tíma né fé. Það er nauðsynlegt að þróa sanngjarnar leiðir til að stýra greiðslum fyrir þreyttar einingar þegar nemendur fara í gegnum raunfærnimat. Missi skóli af tekjum fyrir þreyttar einingar þegar hann metur færni nemanda til styttingar náms, gæti vilji skóla til að meta raunfærni minnkað.

Þegar háskólarnir hafa tekið ákvarðanir og ferlar hafa verið þróaðir þarf að kynna raunfærnimat vel, bæði fyrir starfsfólki háskólanna sem og núverandi og verðandi nemendum. Auk þess þarf að upplýsa þá sem eru nú á vinnumarkaði og gætu nýtt sér raunfærnimat til háskólanáms og eins þá sem sinna málefnum flóttamanna og innflytjenda.

Íslenskir háskólar þurfa að taka afstöðu til þess hvernig þeir ætla að svara kalli frá menntastofnunum Evrópu<sup>22</sup> frá atvinnulífinu og öðrum í samfélaginu, eins og kemur t.d. fram í skýrslu vinnuhóps um fagháskólanám<sup>23</sup>.

Full ástæða er til þess að setja af stað skipulagða vinnu við að skoða möguleika og fýsileika þess að bjóða upp á raunfærnimat bæði til inngöngu í háskóla og til styttingu náms.

---

<sup>22</sup> Yerevan Communiqué, 2015

<sup>23</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016

## Tillögur vinnuhóps um raunfærnimat á háskólastigi

Á grundvelli athugana vinnuhópsins um stöðu raunfærnimats á háskólastigi, mögulegum tækifærum og hindrunum eru lagðar fram eftirfarandi tillögur sem möguleg næstu skref.

### A: Skilgreiningar og samræmt vinnulag

Til að styðja við þróun raunfærnimats á háskólastigi er nauðsynlegt að samræma skilning á því hvað telst til raunfærnimats og hvaða vinnulag er notað við matið. Reglugerðir þurfa að vera skýrar og tryggja þarf að ekki gæti misskilnings um það hvað raunfærnimat felur í sér. Tryggja þarf að lög og reglur um raunfærnimat á háskólastigi séu samræmdar og miðlægar þótt hver stofnun útfæri sínar leiðir við að innleiða það. Gæðaeftirlit er nauðsynlegt og mikilvægt er að halda utan um tölfræði og árangur.

### B: Raunfærnimat til inngöngu í háskóla

Í raunfærnimati til inngöngu í háskóla felst ekki það sama og að veita undanþágur frá almennum inntökuskilyrðum. Undanþágur eru almennt veittar á grundvelli talningar á þeim fjölda framhaldskólaeininga sem umsækjandi hefur lokið ásamt mati á starfsreynslu, þar sem byggt er á árafjölda og mati á meðmælabréfum.

Raunfærnimat snýst um að meta færni umsækjanda og bera hana saman við hæfniviðmið tiltekinna námskeiða. Við raunfærnimat þarf að fara fram upplýsingagjöf og endurgjöf, skráning á færni sem umsækjandi hefur öðlast í gegnum störf, nám og frístundir og mat og staðfesting á raunfærninni í samráði við fagaðila. Færnin er iðulega borin saman við hæfniviðmið tiltekinna námskeiða með það að markmiði að meta hvort umsækjandinn hafi náð sömu færni og nemendur sem hafa lokið námskeiðunum. Að þessu ferli þurfa að koma námsráðgjafar og fagaðilar frá deildum. Þótt hver háskóli sé sjálfstæður og beri ábyrgð á inntöku nemenda í eigið nám, telur vinnuhópurinn það mikilvægt fyrir umsækjendur að tryggja sé að niðurstaða raunfærnimatsins verði skráð og veiti einingar í almennu skólakerfi þannig að raunfærnimatið veiti almenna leið til áframhaldandi skólagöngu/menntunar en veiti ekki aðeins aðgang að einum háskóla.

Vinnuhópurinn leggur því til að þriðji aðili taki að sér að framkvæma raunfærnimat á framhaldsskólastigi til stúdentsprófs. Helstu aðilar sem kæmu til greina eru Menntamálastofnun, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar og/eða framhaldsskólar landsins.

Telur hópurinn nauðsynlegt að tryggja að við matið verði stuðst við viðurkenndar aðferðir raunfærnimats og að einstaklingar hafi möguleika á að útskrifast frá framhaldsskólum landsins að loknu mati og/eða viðbótarnámi.

### C) Raunfærnimat til styttingar náms

Lagt er til að hver háskóli og háskóladeild fyrir sig skipuleggi og þrói raunfærnimat til styttingar náms. Raunfærnimat til styttingar náms hentar mis vel við deildir og fræðasvið háskólanna, og því er nauðsynlegt að slíkt ferli sé unnið sérstaklega fyrir hverja deild eða námsleið fyrir sig.

### D: Þróunarverkefni

Lagt er til að farið verði af stað með þróunarverkefni um raunfærnimat á háskólastigi til styttingar náms í ákveðnum deildum háskólanna. Þessar deildir geta þróað aðferðirnar og

verið fyrirmynd fyrir aðrar deildir í framtíðinni. Lagt er til að Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild HÍ og Tölvunarfræðideild HR taki að sér að þróa raunfærnimat fyrir tölvunarfræðina og sömuleiðis mætti kanna hvort einhverjar námsleiðir innan Menntavísindasviðs HÍ sjái möguleika á að mæta þörfum samfélagsins fyrir fleiri leik- og grunnskólakennara með tilboðum um raunfærnimat til styttingar náms.

## Heimildaskrá

- Aagaard, K. (2016, February). European inventory on validation of non-formal and informal learning - Denmark - 2016. Retrieved August 20, 2017, from <http://www.cedefop.europa.eu/en/publications-and-resources/country-reports/european-inventory-validation-non-formal-and-informal-18>
- Council of the European Union. COUNCIL RECOMMENDATION of 20 December 2012 on the validation of non-formal and informal learning - 2012/C 398/01, C 398 Official Journal of the European Union 1–5 (2012).
- Karttunen, A. (2016, February). European inventory on validation of non-formal and informal learning - Finland - 2016. Retrieved August 20, 2017, from <http://www.cedefop.europa.eu/en/publications-and-resources/country-reports/european-inventory-validation-non-formal-and-informal-20>
- Metropolia - University of applied sciences. (2017). Services For Immigrants - Metropolia UAS. Retrieved August 20, 2017, from <http://www.metropolia.fi/en/services/for-immigrants/>
- Murphy, I. (2016). *2016 update to the European inventory on validation of non-formal and informal learning*. Thessaloniki.
- National Quality Authority Ireland. Policy and Criteria for Access, Transfer and Progression in Relation to Learners for Providers of Further and Higher Education (Restatement) (2015).
- Panitsides, E. A., & Talbot, J. (Eds.). (2016). *Lifelong learning, Concepts, Benefits and Challenges*. New York: Nova Publishers.
- Quality and Qualifications Ireland (QQI). (n.d.). Quality and Qualifications Ireland (QQI). Retrieved August 20, 2017, from <http://www.qqi.ie/Pages/Home.aspx>
- Sandberg, F. (2016). *European inventory on validation of non-formal and informal learning - Sweden - 2016*. Thessaloniki: Cedefop. Retrieved from <http://www.cedefop.europa.eu/en/publications-and-resources/country-reports/european-inventory-validation-non-formal-and-informal-36>
- Scottish Refugee Council. (2016). *Refugees Welcome Providing Asylum Seekers and Refugees with Access to Higher Education*.
- Yerevan Communiqué. (2015). *Yerevan Communiqué. Conference of Ministers responsible for higher education*. Yerevan. Retrieved from [http://media.ehea.info/file/2015\\_Yerevan/70/7/YerevanCommuniqueFinal\\_613707.pdf](http://media.ehea.info/file/2015_Yerevan/70/7/YerevanCommuniqueFinal_613707.pdf)